

Fatlað fólk í hamförum

KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR, prófessor við Háskóla Íslands

ÁSTA JÓHANNSDÓTTIR, lektor við Háskóla Íslands

Útdráttur: Fatlað fólk er í sérstaklega viðkvæmri stöðu þegar kemur að hamförum þar sem það er líklegra en annað fólk til að búa við fátækt og vera jafdarsett í samfélaginu. Þrátt fyrir þetta hefur fatlað fólk orðið útundan í allri umræðu um almannavarnir og hamfarir, bæði í rannsóknnum og opinberri umræðu. Markmið þessarar greinar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að skoða áhrif hamfara á líf og aðstæður fatlaðs fólks og í öðru lagi að greina viðbragðsáætlanir almannavarna og leiðbeiningar í hamförum með tilliti til aðstæðna fatlaðs fólks. Loks er leitast við að túlka með hvaða hætti fötlun birtist í þessu samhengi. Ekki hefur verið fjallað um fatlað fólk og hamfarir áður í íslensku fræðasamfélagi. Er þessi grein liður í að vekja athygli á sérstökum aðstæðum fatlaðs fólks þegar ógn steðjar að samfélaginu og hvetja til frekari umfjöllunar á þessu sviði. Niðurstöðurnar benda til þess að samspil umhverfis og félagslegra þátta geti aukið alvarleika hamfara fyrir fatlað fólk og á rætur að rekja til abelískra viðmiða samfélagsins.

LYKILORD: Fatlað fólk – hamfarir – samtvinnun – ableismi

ABSTRACT: Disabled people are in a vulnerable position regarding disasters, also they belong to a marginalized group which is disproportionately affected by poverty. Still, disabled people have been overlooked in theoretical and public discussion on the topics of public safety and disasters. The aim of this article is twofold; First to explore how disabled people are affected by disasters and second to analyse how the needs of disabled people are met in official emergency planning and disaster prevention and mitigation guidelines. The body of academic literature on the topic of disability and disasters is non-existent within the Icelandic context. This article will hopefully engage a broad interest and discussion about disability and disasters. The findings suggest that the intersection of environmental and ableist social factors can increase the severity of the disaster consequences and aftermath for disabled people.

KEYWORDS: Disabled people – disasters – intersectionality – ableism

Inngangur

Ísland hefur verið markaðssett sem eitt af öruggustu löndum heims þar sem kynjajafnrétti er sagt í hávegum haft, glæpatíðni lág og loftgæði mikil (Ragnheiður Harpa Haraldsdóttir, 2019). Það gleymist hins vegar oft að minnast á þá vá sem Íslendingar búa við af völdum náttúruhamfara eins og til dæmis eldgosa, jarðskjálfta, veðurofsa, skriða og snjóflóða. Oft á tíðum er um mannskæðar hamfarir að ræða sem hafa víðtækar afleiðingar, bæði fyrir einstaklinga og landsvæði.

Til að tryggja sem best öryggi landsmanna starfar almannavarnadeild ríkislögreglustjóra við að takast á við þær ógnir sem steðja að lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum (Almannavarnir, 2016). Líklega má færa rök fyrir því að starfsemi almannavarna hafi verið óvenju sýnileg á síðastliðnum árum í heimsfaraldri vegna COVID-19 og í tengslum við snjóflóð, aurskriður, jarðskjálfta og eldgos.

Almannavörnum er ætlað að skipuleggja og stýra viðbrögðum sem virkjuð eru á hættustundu. Þrátt fyrir að vitundarvakning hafi orðið á undanförunum áratugum hvað varðar rétt fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2007) benda rannsóknir til þess að fatlað fólk hafi orðið útundan í allri umræðu um almannavarnir og hamfarir. Ekki hefur verið markvisst leitað svara við því hvernig styðja þurfi fatlað fólk í hamförum og neyð, hvernig það geti varið sig, stutt hvert annað eða tekið þátt í að undirbúa viðbragðsáætlanir (Alexander, 2011). Í íslenskum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er sérstaklega kveðið á um skyldur stofnana til að eiga í markvissu og virku samráði við fatlað fólk (Gísli Björnsson, o.fl., 2019). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra ber þar af leiðandi lögum samkvæmt líkt og öðrum ríkisstofnunum að eiga virkt samráð við fatlað fólk.

Markmið þessarar greinar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa yfirlit yfir hamfarir, viðbrögð við þeim og afleiðingar fyrir fatlað fólk með því að greina hvernig fötlun samtvinnast öðrum félagspólitískum þáttum sem hafa áhrif á jaðarsetningu fatlaðs fólks. Í öðru lagi að greina viðbragðsáætlanir almannavarna og leiðbeiningar í hamförum með tilliti til aðstæðna fatlaðs fólks. Notuð var innihaldsgreining þar sem tekið var mið af umfangi fötlunar í gögnunum og sjónum beint að félagspólitískum þáttum á borð við stétt, kyngvervi, aldur og fötlun. Feminískum kenningum um samtvinnun var beitt sem fræðilegu verkfæri til að greina þessa þætti og hvernig þeir verka á samfélagið samtímis og samhliða (Lykke, 2010). Ekki hefur verið fjallað um fatlað fólk og hamfarir áður í íslensku fræðasamfélagi. Er þessi grein liður í því að vekja athygli á sérstökum aðstæðum fatlaðs fólks þegar ógn steðjar að samfélaginu og hvetja til frekari umfjöllunar á þessu sviði.

Gagnrýnin fötlunarfræði

Fötlunarfræði sem fræðigrein tekur gagnrýna afstöðu til þeirra hugmynda um fötlun sem einkennast af eðlis- og einstaklingshyggju og skilgreina fatlað fólk sem gallað og í þörf fyrir ihlutun og læknisfræðileg inn grip svo það passi betur inn samfélög hinna ófötlðu (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, o.fl., 2013). Þessi grein byggir, nánar tiltekið, á gagnrýnni fötlunarfræði (e. *critical disability studies*) sem er þverfagleg fræðileg nálgun þar sem leitast er við að skilja fötlun í menningarlegu, sögulegu og félagslegu samhengi. Gagnrýnin fötlunarfræði útskýrir hvernig hugmyndir um fötlun verður til í félagspólitísku samhengi og beinir sjónum að því á hvern hátt slíkar hugmyndir hafa áhrif á fatlað fólk, undirskipa það og jaðarsetja (Goodley, o.fl., 2017). Meðal viðfangsefna gagnrýnnar fötlunarfræði er að greina og afhjúpa valdamismun og félagslegt misrétti. Þau greiningartæki sem við teljum gagnleg í þessari grein eru samtvinnun og *ableismi*¹.

Samtvinnun hefur verið notuð af mörgum fræðimönnum innan gagnrýnna fötlunarfræða (An-

1 Ýmsir hafa gert tilraunir til að þýða enska hugtakið *ableismi* án þess að ásætlanleg niðurstaða hafi fengist. Hæfishroki, hæfishyggja og fötlunarfórnir ná merkingu hugtaksins ekki til fullnustu. Þess má geta að grasrótarhreyfing fatlaðs fólks hefur kosið að nota enska hugtakið *ableismi* og munum við fylgja þeirra fordæmi (sjá nánar Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir, 2014).

namma, o.fl., 2013; Ben-Moshe og Magaña, 2014; Everelles, 2014; Goodley o.fl., 2019; Meekosha og Shuttleworth, 2009) Samtvinnumarkeningar (e. *intersectional theory*) eiga rætur að rekja til verka bandarísku fræðikonunnar Kimberlé Crenshaw (1991) sem skoðaði hvernig svartar konur eru jaðarsettar í bandarísku samfélagi vegna kyngevris og hörundslitar. Hugmyndir Crenshaw hafa þróast síðan þá í þverfaglega og gagnrýna nálgun sem gerir okkur kleift að greina samfélagslega mismunun og forréttindi sökum hörundslitar, uppruna, stéttar, fötlunar, aldurs, kynverundar og kyngevris sem hverfist um mismun og félagslegt réttlæti (Harris og Patton, 2019). Samtvinnum er fræðilegt verkfæri sem greinir valdamismunun í samfélaginu og skoðar hvernig mismunabreytur á borð við kyngerfi, fötlun og hörundslit tengjast og í sameiningu stuðla að því að skapa og viðhalda félagslegu misrétti (Lykke, 2010).

Ableismi er hugtak sem lýsir fordómum og mismunun sem beinist gegn fötluðu fólki. Ableismi byggir á þeirri viðteknu hugmynd, gildum og venjum að samfélagið sé fyrst og fremst ætlað ófötl-uðu fólki og að ófötlun sé hið fullkomna líkamlega ástand (Campbell, 2009). Ableismi felur þar af leiðandi í sér þá hugmynd að fatlað fólk sé óæðra ófötl-uðu fólki og að skerðingin skilgreini fatlað fólk á neikvæðan hátt (Linton, 1998).

Ableismi er samofinn samfélaginu og stofnunum þess á borð við fjölmiðla, skólakerfi og heilbrigðiskerfi sem taka þátt í að skapa hann og viðhalda honum. Dan Goodley (2014) heldur fram að ableismi sé alltumlykjandi þannig að þegnar samfélagsins andi honum að sér óafvitandi, meðal annars í gegnum fjölmiðla. Þeir birta oft á tíðum óraunsæja mynd af lífi og reynslu fatlaðs fólks byggða á klisjum og staðalímyndum. Í skólakerfinu má greina ableískar hugmyndir, til að mynda að það sé betra fyrir fatlaða nemendur að ganga heldur en að nota hjólastól, lesa prentstafi í stað punktaleturs; með öðrum orðum er gerð krafa um að þeir aðlagi sig skólastarfinu og líkist sem mest ófötl-uðum nemendum (Hehir, 2002). Ableismi birtist einnig í heilbrigðiskerfinu þar sem heilbrigðisstarfsfólk metur lífsgæði fatlaðs fólks lakari en það gerir sjálft sem getur haft áhrif á ákvarðanatöku um meðferð og þá þjónustu sem veitt er af hálfu heilbrigðisstarfsmanna (Peña-Guzmán og Reynolds, 2019). Ableismi er ósýnilegur hluti af ríkjandi hugmyndafræðilegu kerfi (Goodley, 2014) en Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir (2014) hafa dregið upp skýra mynd af því hvernig ableismi gerir ráð fyrir að fatlað fólk sé gallað og að það þurfi að laga sig að samfélaginu:

Ableismi einkennist af þeim hugmyndum að fatlað fólk sé gallað og því sé m.a. í lagi að eyða fötluðum fósturum lengur en ófötl-uðum fósturum og að aðgreina fatlað fólk í sérúrræðum, t.d. á vernduðum vinnustöðum þar sem það fær oft lítil sem engin laun fyrir vinnu sína. Til þess að fatlað fólk megi vera til eða taka þátt í samfélaginu er ofuráhersla á að hæfa það, t.d. með sjúkrapjálfun, iðupjálfun og talþjálfun eða framkvæma aðgerðir til þess að draga úr því að líkaminn líti öðruvísi út en líkamar fólks sem er ekki fatlað. Með þessu er ekki átt við að öll þjálfun eða læknisfræðileg inngríp séu slæm heldur að sé hún notuð til þess eins að aðlaga fatlað fólk að samfélaginu og ófötl-uðu fólki, sé um ableisma að ræða. (Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir, 2014)

Þetta sýnir hvernig félagslegri stöðu fatlaðs fólks í almannarými er háttað, hvernig hið ófatlaða augnaráð markar útlínur ableismans og metur verðleika líkamans og manneskjunnar út frá kapítalísku notagildi hans (Embla Guðrúnar Ágústsdóttir o.fl., 2020). Kapítalískt notagildi líkamans er ríkjandi í vestrænum samfélögum sem hafa mótast af hugmyndafræði nýfrjálshyggju. Brown (2006) útskýrir hvernig nýfrjálshyggjan felur í sér framleiðslu þegna þar sem siðferðilegt gildi þeirra mælist í því hvernig þeir geta séð um sig sjálfir. Kapítalískar hugmyndir um sjálfstæði og einstaklingshyggju má gagnrýna fyrir að vera óraunhæfar og útilokandi fyrir fólk almennt en sérstaklega fyrir fatlað fólk. Þetta birtist meðal annars í því hvernig samfélagið er skipulagt en ýmsar manngerðar hindranir, eins og til dæmis tröppur og þröng rými, koma í veg fyrir fulla þátttöku fatlaðs fólks, svo og fordómar og neikvæð viðhorf. Óaðgengilegt umhverfi í samfélaginu kallar á siðbúnar lausnir sem

geta til dæmis verið skái yfir tröppur eða lyfta á milli hæða en slíkar framkvæmdir geta bæði verið kostnaðarsamar og hættulegar. Þegar fatlað fólk þarf að nota bakdyr, vörulyftur og bílakjallara til að komast í almenningssrými opinberast jaðarsetning þeirra. Ef samfélagið væri skipulagt þannig að tekið væri tillit til þarfa allra þá væri ekki þörf á að gera slíkar breytingar og upplifun fatlaðs fólks af samfélagslegri þátttöku væri önnur en raun ber vitni (Goodley, 2014).

Þessar hugmyndir hafa einnig áhrif á hvernig samfélög búa sig undir hamfarir og hvernig hópum er forgangsraðað varðandi aðstoð þegar hættu- og neyðarstigi almannavarna er lýst yfir.

Framkvæmd og gagnaöflun

Í fyrri hluta niðurstöðukaflans er lýsing á hamförum sem hafa átt sér stað á síðastliðnum áratugum og þeim afleiðingum sem þær höfðu á fatlað fólk. Við gagnaöflun var skilgreining almannavarna notuð en í henni er enska hugtakið *disaster* þýtt sem hamfarir:

Alvarlegur atburður sem setur samfélagið úr skorðum, og dregur úr hæfni þess til að virka eðlilega og hefur alvarleg áhrif á fólk, umhverfi og eignir. Stórir atburðir geta leitt til þess að samfélagið þurfi utanaðkomandi hjálp/aðstoð við að koma virkni aftur á réttan kjöl. (Almannavarnir, e.d.-a)

Upplýsingar um stærstu hamfarir undanfarinna áratuga má finna víða á internetinu (Centre for Research on the Epidemiology of Disasters, e.d.) og völdum við að fjalla annars vegar um náttúruhamfarir og hins vegar hamfarir af mannavöldum. Náttúruhamfarir valda árlega mikilli eyðileggingu og að meðaltali dauða 60 þúsund einstaklinga á heimsvísu sem er um 0,1% dauðsfalla í heiminum (Our World in Data, e.d.-a). Heimsfaraldur af völdum COVID-19 mun breyta þessu meðaltali talsvert því á fyrstu 12 mánuðum faraldursins létust um tvær og hálf milljón einstaklinga úr sjúkdómnum (Our World in Data, e.d.-b). Afleiðingar hamfara eru misalvarlegar og tíðni há þannig að ekki verður í þessari grein sagt frá öllum þeim alvarlegu atburðum sem hafa haft áhrif á líf fatlaðs fólks. Þess í stað voru valdir atburðir sem voru alvarlegir hvað varðar eyðileggingu og líkamstjón, áttu sér stað víðsvegar um heiminn og á löngu tímabili (32 ár), og verða áhrif þeirra og afleiðingar túlkuð samkvæmt gagnrýnni fötlunarfræði. Þeir atburðir sem fjallað verður um eru eftirfarandi: Fellibylurinn Húgó í Bandaríkjunum 1989, hryðjuverkaárásir í New York 1993 og 2001, flóðbylgjan (e. *tsunami*) í Suðaustur-Asíu 2004, þurrkar í Kenýa 2009, jarðskjálfti og kjarnorkuslys í Japan 2011, aurskriður á Seyðisfirði 2020 og jarðskjálftar og eldgos á Reykjaneskaga 2021. Íslensku atburðinum er ætlað að tengja alþjóðlega umfjöllun íslenskur veruleika og samtíma. Einnig verða tekin dæmi um afleiðingar COVID-19 fyrir fatlað fólk en vert að taka fram að hér er ekki um að ræða ítarlega eða tæmandi umfjöllun um heimsfaraldurinn.

Gagna var aflað úr skýrslusöfnum þeirra alþjóðlegu stofnana sem hafa það meðal annars að markmiði að afla upplýsinga um áhrif og afleiðingar hamfara: Sameinuðu þjóðirnar (UNDRR, UNESCO, UNICEF), Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO), Alþjóðabankinn (The World Bank Group) og Alþjóðasamband félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans (ICFR). Einnig var farið yfir skýrslur sem samtök fatlaðs fólks í viðkomandi löndum og borgum höfðu gefið út í kjölfar atburðanna. Leitað var eftir fræðilegu efni um fötlun og hamfarir (e. *disability and disasters*) í eftirfarandi gagnagrunnum: EBSCO, ProQuest, Google Scholar og Leirir.

Gögn almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra sem skoðuð voru fyrir þessa grein vörðuðu leiðbeiningar um viðbrögð við almannavá og áhættu annars vegar og viðbragðsáætlanir hins vegar. Sjónum var sérstaklega beint að aurskriðum, eldgosum, fárviðri, ofsaveðri og kulda, flóðum, flóðbylgjum, hraunrennsli, hryðjuverkum og váverkum af mannavöldum, jarðskjálftum, jökulhlaupum, sjávarflóðum og snjóflóðum (Almannavarnir, e.d.-b). Bæði voru skoðaðar viðbragðsáætlanir sem taka til atburða sem hafa áhrif á landið allt og almennar áætlanir sem afmarkast landfræðilega af umdæmum lögreglustjóra (Almannavarnir, e.d.-c).

Notuð var innihaldsgreining þar sem mið var tekið af umfangi umfjöllunar um fatlað fólk í

skýrslum og viðbragðsáætlunum. Fötlun hefur mikil áhrif á aðra félagspólitíska þætti á borð við stétt og kynja- og kynþáttafordóma sem verka á samfélagið samtímis og samhliða, taka frá og styðja hver annan og því er gagnlegt að beita kenningum um samtvinnun þegar greina á aðstæður fatlaðs fólks í samfélaginu (Annamma, o.fl., 2013). Þannig voru skýrslurnar greindar meðal annars út frá stétt, kyngervi, aldri og fötlun en sjónum fyrst og fremst beint að fötlun í viðbragðsáætlunum. Með því að beita samtvinnun sem fræðilegu verkfæri (Lykke, 2010) var mögulegt að greina og draga markvisst fram hvernig mismunandi þættir eru samtvinnnaðir og hafa áhrif á jaðarsetningu fatlaðs fólks.

Niðurstöður

Við skiptum niðurstöðunum í fjóra kafla. Fyrsti kafliinn inniheldur yfirlit yfir hamfarir af völdum náttúru, gerð er grein fyrir viðbrögðum við hamförum og þeim afleiðingum sem þær hafa á fatlað fólk. Í öðrum kafla er fjallað um hamfarir af mannavöldum og sjónum er beint að samspili náttúru og manna. Þriðji kafliinn fer yfir eftirmála hamfara og í síðasta kaflanum er greining á viðbragðsáætlunum almannavarna og leiðbeiningum í hamförum með tilliti til aðstæðna fatlaðs fólks.

Náttúruhamfarir

Í íslenskum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (nr. 38/2018) er fötlun skilgreind sem „[a]fleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra“ (2. grein). Samkvæmt lögunum er um langvarandi skerðingar að ræða sem geta verið líkamlegar, geðrænar, vitsmunalegar eða falið í sér skerta skynjun. Skilgreiningar og greiningar á skerðingum fatlaðs fólks eru í höndum heilbrigðisstarfsfólks en það er nýlunda að lögin skilgreini fötlun sem samspil skerðinga og umhverfis. Í stuttu máli þýðir það að umhverfið getur annaðhvort dregið úr afleiðingum skerðinganna eða aukið þær.

Þegar litið er til þess náttúrulega og oft hættulega umhverfis sem Íslendingar búa við má sjá að fatlað fólk gæti staðið frammi fyrir verulegum hindrunum í jarðskjálftum, veðurofsa og snjóflóðum. Við embætti ríkislögreglustjóra er starfrækt almannavarnadeild sem hefur það hlutverk að meta þá hættu sem að íbúum stafar, bregðast við hamförum með björgun mannlífa, aðstoða við takmörkun eignatjóns, ásamt að taka þátt í enduruppbyggingu að hamförum loknum (Almannavarnir, 2016).

Flest dauðaslys af völdum náttúruhamfara hér á landi hafa verið af völdum sjóslysa og drukknana, óveðurs og snjóflóða (Tómas Jóhannesson, 2001). Ekki er til nýrri samantekt á dánarorsökum Íslendinga af völdum náttúruhamfara en í gagnagrunni Hagstofu Íslands (e.d.) er mögulegt að leita eftir dánarmeini út frá kyni og aldri 1996-2019 og virðist niðurstaðan vera sú sama, að sjóslys, drukknun, óveður og snjóflóð séu algengustu dauðaslysin af völdum náttúruhamfara. Flokkun Hagstofunnar á dánarmeinum er samkvæmt ICD-10 sem er alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma (National Center for Health Statistics, e.d.). Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar létust tveir Íslendingar á árunum 2002–2015 úr „svæsinni þroskaheftingu“ og fjórir einstaklingar úr Downs-heilkenni árið 2019 (Hagstofa Íslands, e.d.). Hvað svæsin þroskahefting er skal ósagt látið en nokkuð er ljóst að þroskahömlun, heilkenni eða þroskaraskanir á borð við Downs-heilkenni er ekki lífsógnandi og því eru rangar upplýsingar færðar inn í gagnagrunn Hagstofunnar. Það má velja því fyrir sér hvort hér sé um að ræða tölfræðilegan ableisma. Slíkar rangfærslur er einnig að finna erlendis, en borið hefur á því að dauðsföll sem rekja megi til COVID-19 sjúkdómsins séu ekki skráð ef um fólk með þroskahömlun er að ræða. Uppgefin dánarorsök verður þá þroskahömlun í stað COVID-19 eða fylgikvillar (Landes o.fl., 2020).

Samkvæmt alþjóðlegum tölum er dánartíðni af völdum COVID-19 sjúkdómnum há meðal fólks með þroskahömlun. Þrátt fyrir þessar niðurstöður er erfitt að áætla áhrif sjúkdómsins á fatlað fólk almennt þar sem fötlun er sjaldan notuð sem bakgrunnsbreyta þegar greint er frá sjúkdómatíðni og andlátum (Landes o.fl., 2020). Það gerir það að verkum að tölulegar upplýsingar eru ófullnægjandi hvað þetta varðar. Þar sem óeðlilega há dánartíðni ákveðinna samfélagshópa í hamförum og heims-

faraldri er afhjúpandi fyrir samfélögin má velta fyrir sér hvort rangar skráningar og tölfræðilegur ableismi þjóni þeim tilgangi að fegra ástandið eða þagga vandamálið.

Ekki hefur verið haldið utan um tölulegar upplýsingar varðandi dauðsföll fatlaðs fólks í hamförum á Íslandi en vert er að hafa ákveðinn fyrirvara hvað það varðar þar sem augljóslega er misbrestur á skráningum í gagnagrunn Hagstofunnar. Á hinn bóginn eru engar aðrar vísbendingar sem benda til hlutfallslega hærri tíðni dauðsfalla í hamförum heldur en hjá ófötluðu fólki. Því er öðruvísi farið víða erlendis þar sem fatlað fólk er í áhættuhópi fyrir alvarlegum afleiðingum hamfara. Það á jafnt við um náttúruhamfarir sem hamfarir af mannavöldum (Alexander, 2011).

Flóðbylgja í Suðaustur-Asíu í kjölfar jarðskjálfta í desember 2004 er dæmi um náttúruhamfarir sem afhjúpa slæmar aðstæður fatlaðs fólks. Um 275 þúsund manns fórust í flóðbylgjunni í ellefu löndum. Þrátt fyrir að fólk úr öllum samfélagshópum hafi farist í flóðbylgjunni þá var óeðlilega hátt hlutfall fatlaðs fólks meðal látinna. Því hefur verið haldið fram að mögulega hefði verið hægt að bjarga fleirum ef neyðaráætlanir hefðu tekið mið af þörfum fatlaðs fólks (Alexander, 2011; Priestley og Hemingway, 2007). Á Sri Lanka lést riflega helmingur íbúa á stofnun fyrir fatlað fólk af því að ekki tókst að rýma húsnæðið áður en flóðbylgjan skall á því. Það gekk illa að koma íbúum í skilning um hættuna og rúmlega sextíu íbúar voru skildir eftir á stofnuninni (Alþjóðasamband félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans, 2007). Á Indlandi fórust 700 hreyfihamlaðir íbúar sem einnig bjuggu á stofnun fyrir fatlað fólk en það festist inni á stofnuninni þegar aðrir íbúar borgarinnar forðuðu sér upp í nærliggjandi fjallshlíðar. Það komst ekki út af stofnuninni og enga aðstoð var að fá (Center for International Rehabilitation, 2005). Hér tvinnast saman fötlun og stétt en algengt er að fatlað fólk í þessum heimshluta búi við erfiðar félagslegar og efnahagslegar aðstæður og hafi þann einan kost að dvelja á stofnunum þar sem aðbúnaður er oft og tíðum bágborinn. Þegar þetta fólk var skilið eftir afhjúpaðist abelismi samfélagsins en ekki var gert ráð fyrir að bjarga þyrfti fötluðu fólki.

Sá búnaður og verkferlar sem almennt eru notaðir til björgunarstarfa hentar oft ekki þörfum og aðstæðum fatlaðs fólks. Til að mynda er algengt að þau ökutæki sem notuð eru til björgunarstarfa séu óaðgengileg fötluðu fólki sem notar hjólastóla eða önnur hjálpartæki þar sem slíkum farartækjum er ætlað að ferja marga einstaklinga í einu og í þeim er yfirleitt ekki pláss eða festingar fyrir hjólastóla (Alexander, 2011). Í björgunaraðgerðunum í flóðbylgjunni í Suðaustur-Asíu þurfti að skilja hjálpartæki eftir og í mörgum tilfellum hreif flóðið þau með sér. Það varð til þess að í kjölfar hamfaranna var margt fatlað fólk án hjálpartækja og illa gekk að útvega því ný. Hér er að verkum samspil þeirrar miklu neyðar sem skapaðist í löndunum sem urðu fyrir flóðbylgjunni og forgangsroðun yfirvalda þar sem hjálpartæki fyrir fatlað fólk voru ekki ofarlega á lista (Center for International Rehabilitation, 2005). Það má velta fyrir sér hvort það að vera án hjálpartækja lengi ekki neyð fólks og geti gert það að verkum að það þurfi að dvelja lengur í neyðarathvarfi eða við óásættanlegar aðstæður eins og að vera til lengri tíma vistað á stofnun gegn vilja sínum.

Flest dauðsföll af völdum flóðbylgjunnar urðu í Indónesíu, nánar til tekið í Aceh héraði þar sem um 167 þúsund einstaklingar fórust. Talið er að dánartíðni fatlaðs fólks hafi verið tvöfalt hærri en ófatlaðra þar í landi og þá sérstaklega meðal fatlaðra barna (Center for International Rehabilitation, 2005). Fatlaðir nemendur í Indónesíu hafa takmarkað aðgengi að menntun og flestir almennir skólar neita þeim um skólavist. Almennir grunnskólar eru gjaldfrjálsir en fatlaðir nemendur sækja sérskóla, sekolah luar biasa, sem eru einkareknir og kallast – í beinni þýðingu – óvenjulegir skólar. Áætlað er að innan við 10% of fötluðum börnum hljóti formlega menntun í Indónesíu enda ekki allir sem hafa efni á að sækja einkaskóla. Nemendur sem sækja þessa einkareknu sérskóla greiða skólagjöld en aðbúnaður er mjög misjafn og fer eftir fjárhagslegri stöðu skólanna. Í flestum þessara sérskóla er fjárhagsstaðan slæm og þeir eru starfræktir af litlum eignum í óöruggu húsnæði sem þolir síður náttúruvá (Coulson, 2018). Í flóðbylgjunni fórust 145 nemendur í tveimur sérskólum fyrir fötluð börn í Aceh héraði en fötluð börn eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu þegar kemur að hamförum (Alexander, 2011; Priestley og Hemingway, 2007). Þau eru líklegri en önnur börn til að búa við fátækt og óviðunandi aðstæður (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðabankinn, 2011).

Samkvæmt upplýsingum frá UNICEF (e.d.) eru um 93 milljónir fatlaðra barna í heiminum og áætlað að um sjö milljónir þeirra upplifi hamfarir árlega (Peek og Stough, 2010). Eins og fram hefur komið fara hamfarirnar sjálfar ekki í manngreinaralit en erfiðar aðstæður fatlaðra barna magnast við hamfarir. Í því samhengi má nefna afleiðingar mikilla þurrka í Kenýa árið 2009. Uppskeyra brást, nautgripir drápu og milljónir manna þjáðust af hungri. Fólk þurfti að forgangsraða öflun matvæla fyrir fjölskyldur sínar til að halda lífi sem varð til þess að fötluð börn voru í mörgum tilfellum án menntunar og endurhæfingar á meðan ófötluð börn sem þurftu minni stuðning gátu haldið áfram eðlilegra lífi (Alexander, 2011). Þrátt fyrir að hamfarirnar séu ekki ableískar í sjálfu sér þá er ekki hægt að horfa fram hjá því hversu hátt hlutfall fatlaðra barna býr við fátækt eða hættulegar aðstæður líkt og sköpuðust í þurrkunum í Kenýa eða flóðunum í Suðaustur-Asíu. Þau búa í samfélögum þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim og eru varnarlausari gagnvart hamförum og afleiðingum þeirra en ófatlað fólk.

Fatlaðar konur eru annar hópur sem einnig er í viðkvæmri stöðu í hamförum. Því hefur verið lýst hvernig umönnun barna, heimilisstörf og atvinnuleysi eykst gjarnan meðal kvenna í hamförum auk þess að búast megi við auknu heimilisofbeldi við slíkar aðstæður (Enarson og Fordham, 2001).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að ofbeldi gegn fötluðum konum og börnum er algengt en oft ekki viðurkennt af hálfu aðstandenda eða þjónustu- og réttarkerfis (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðabankinn, 2011; Freyja Haraldsdóttir, 2017). Strax í fyrstu bylgju COVID-19 heimsfaraldursins bárust fréttir um að tilkynningum um heimilisofbeldi hefði fjölgað á milli ára á Íslandi og brugðust stjórnvöld við með því að setja fjármagn í átak gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Það er sérstaklega erfitt fyrir fatlaðar konur að flýja ofbeldissambönd því þær geta verið háðari stuðningi maka, aðgengilegu húsnæði og fjárhagslegu öryggi en konur almennt. Fatlaðar konur eða mæður fatlaðra barna sem þurfa að flýja ofbeldissambönd geta fátt snúið sér. Kvennaathvarfið í Reykjavík hefur aldrei verið í aðgengilegu húsnæði og nýopnað athvarf á Akureyri er einnig óaðgengilegt fyrir fólk sem notar hjólastóla (Kvennaathvarf, e.d.). Þar af leiðandi eru engin húsnæðisúrræði sem henta fötluðum konum í ofbeldissamböndum. Engar tölur hafa verið birtar um tíðni ofbeldis meðal fatlaðra kvenna og barna á Íslandi í heimsfaraldrinum en UNICEF (e.d.) hefur varað við aukinni vanrækslu og ofbeldi á fötluðum börnum. Hamfarir á borð við COVID-19 heimsfaraldurinn ýkja flóknar félagslegar aðstæður fatlaðra kvenna og þá um leið barna þeirra.

Fatlaðar konur og stúlkur eru einnig í sérstakri áhættu ef þær þurfa að dvelja í flóttamannabúðum eða neyðarskýlum. Eftir flóðin í Suðaustur-Asíu þurftu margar fatlaðar konur og stúlkur að dvelja í neyðarskýlum eða búðum og áttu í engin önnur hús að vernda. Talsvert var um kynferðislegt áreitni og ofbeldi í þessum búðum sem konurnar þögðu oft og tíðum yfir af hræðslu við stimplun (e. *stigmatization*) og útskýfun. Þrátt fyrir að starfsfólk þessara búða vissi margt hvert af nauðgunum og ofbeldi var almennt horft fram hjá því þar sem margar þolenda þekktu gerendur sína og voru jafnvel tengdar þeim fjölskylduböndum (Oxfam International 2005; Fisher, 2010). Aukið heimilisofbeldi í kjölfar hamfara er þekkt (Alþjóðasamband félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans, 2007) en þegar það snýr að fötluðum konum má sjá hvernig fötlun, kyngervi og stétt tvinnast saman og hefur áhrif hvað á annað. Fatlað fólk er líklegra til að upplifa fátækt heldur en ófatlað fólk og mun líklegra til að upplifa ofbeldi (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðabankinn, 2011). Þá eru fatlaðar konur og stúlkur útsettar fyrir fjölþættri mismunun og mun líklegri til að upplifa fátækt og ofbeldi heldur en ófatlað fólk og fatlaðir karlar (Sameinuðu þjóðirnar, e.d.).

Félagspólitískir þættir hafa mikil áhrif á hvernig náttúruhamfarir og eftirmálar þeirra leika okkur, hvort sem er til hins betra eða verra, og ljóst er að umhverfið, bæði náttúran og manngerða umhverfið, eykur yfirleitt afleiðingar hamfara á þennan hóp.

Samspil náttúru og manna

Hryðjuverk teljast til hamfara sem verða af mannavöldum. Í kjölfar árásanna á Tvíburaturnana í New York árið 2001 var hönnun turnanna gagnrýnd. Neyðarútgangar voru þröngir, gerðu slökkvi-

liðsmönnum erfitt fyrir og hindruðu hundruð manna í að komast út úr brennandi byggingunum sem að lokum hrundu til jarðar (Wisner, 2002). Þetta var reyndar ekki fyrsta tilraunin til að eyðileggja turnana því reynt var að sprengja þá árið 1993. Sex manns létust og um 1000 slösuðust og í kjölfarið voru settir sérstakir björgunarstólar á hverja hæð sem áttu að auðvelda björgun fatlaðs fólks og slasaðra ef upp kæmi eldur í byggingunum. Það sem vekur hins vegar athygli er að í árásinni 2001 voru þessir stólar ekki notaðir, hvorki af starfsfólki né björgunaraðilum þar sem enginn virtist upplýstur um að þeir væru til. Talið er að tæplega 3000 manns hafi látið lífið í árásunum og var hlutfall fatlaðs fólks hátt en ekki mikið um það fjallað í fjölmiðlum. Því hefur verið haldið fram að fötluð fórnarlömb árásanna hafi fallið í gleymsku eða umræða um þau verið þöggud (The Center for Independence of the Disabled in New York, 2004). Hryðjuverkasamtökin sem stóðu fyrir árásinni voru ekki að reyna að ná sérstaklega til fatlaðs fólks og samstarfsfólkið skildi það ekki eftir af ásetningi. Það var húsnæðið og aðstæðurnar sem sköpuðust við árásina sem urðu til þess að fatlað fólk átti erfiðara með að komast út úr byggingunum en aðrir. Það má færa rök fyrir því að arkitektúr og borgarskipulag Manhattan séu ableísk en þar hafði eftirspurn eftir húsnæði í viðskiptahverfi New York mikil áhrif. Fyrirtæki og fjármálastofnanir vilja vera nálægt hvert öðru á sama svæðinu. Til að mæta eftirspurninni eru byggingarnar háar og þröngar en slíkt umhverfi þolir illa hryðjuverk, jarðskjálfta eða stórbruna.

Fullnægjandi og öruggt húsnæði fyrir alla er ellefta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, 2018). Miðað við mörg önnur ríki heims búa Íslendingar við öryggi þegar kemur að húsbyggingum sem að einhverju leyti skýrir af hverju jarðskjálftar hafa ekki valdið meiri mannskaða og eyðileggingu hér á landi en raun ber vitni. Í íslenskri byggingarreglugerð frá árinu 2012 er sérstaklega kveðið á um aðgengi fyrir alla þar sem sjónarmið algildrar hönnunar séu höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra (Byggingareglugerð nr. 112/2012). Markmið algildrar hönnunar er að allir geti nýtt sér vöruna eða þjónustuna sem í boði er (Centre for Excellence in Universal Design, e.d.). Gott dæmi um algilda hönnun eru stillanlegir skrifborðsstólar. Ólíkt fólk getur keypt sama stólinn og stillt svo hæð, setu og arma til að laga að líkamsbyggingu sinni og þörfum. Algild hönnun krefst þess að húsnæði sé byggt með breiðari hurðum og göngum í þeim tilgangi að allir geti auðveldlega komist á milli herbergja og inn og út úr byggingunni. Algild hönnun eykur þar af leiðandi öryggi allra þegar kemur að rýmingu húsnæðis og auðveldar til að mynda björgunarfólki að athafna sig. Það er ekki eingöngu aukið öryggi fyrir fatlað fólk heldur alla sem gætu þurft aðstoð við að yfirgefa byggingar á hættustund. Þrátt fyrir að byggingarreglugerðinni sé ætlað að stemma stigu við ableisma í arkitektúr og skipulagi þá veitir Mannvirkjastofnun heimild til að víkja frá kröfu um algilda hönnun í atvinnuhúsnæði með þeim rökum að þar geti farið fram starfsemi sem er þess eðlis að hún „hentar augljóslega ekki fötluðum“ (Mannvirkjastofnun, 2018). Það vekur þá spurningu hvers konar atvinnustarfsemi hentar augljóslega ekki fötluðu fólki. Þessi undanþága endurspeglar þau ableísku viðhorf að fatlað fólk sé ekki fullgildir þátttakendur í samfélaginu.

Yfirleitt er greinarmunur gerður á hamföllum af náttúru- og mannavöldum en þrátt fyrir það veldur samspil náttúru og manna oft á tíðum mestu tjóni. Árið 2011 varð stór jarðskjálfti í Japan. Hann kom af stað flóðbylgju sem skall á eyjunni Honshu og olli mikilli eyðileggingu. Á eyjunni var kjarnorkuver sem skemmdist í flóðbylgjunni og tugir þúsunda manna létu lífið vegna kjarnorkugeislunar. Eins og í þeim hamföllum sem lýst hefur verið hér að ofan var hlutfall fatlaðs fólks hátt meðal þeirra sem létu lífið. Samtök fatlaðs fólks í Japan hafa haldið því fram að þetta haa hlutfall hafi fyrst og fremst verið af mannavöldum þar sem aðbúnaður fatlaðs fólks á svæðinu hafi verið slæmur, stuðningur ekki viðeigandi og ekki hafi verið gert ráð fyrir fötluðu fólki í neyðarviðbrögðum yfirvalda (Fujii, e.d.). Aðstæðurnar sem fatlað fólk bjó við á Honshu eru lýsandi dæmi um hvernig staða fólks í samfélaginu getur haft áhrif á hversu alvarlegar afleiðingar hamfara verða. Auk þess virðist vera alþjóðleg tilhneiging til að gera ekki ráð fyrir fötluðu fólki í viðbragðsáætlunum og neyðarviðbrögðum.

Þegar sjónum er beint að því sem tekur við að hamförum loknum kemur í ljós að oft er ekki gert ráð fyrir að veita þurfi fötluðu fólki upplýsingar á öðru formi en meirihluta fólks eða að það geti þurft á sérhæfðum stuðningi að halda. Árið 1989 olli fellibylurinn Húgó mikilli eyðileggingu í borginni Charleston í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum. Nokkur dauðsföll urðu í fellibylnum og var eyðilegging mikil. Upplýsingagjöf til almennings fór að mestu fram í gegnum útvarp og dæmi voru um heyrnarskert fólk sem var dögum saman án aðstoðar án þess að eiga möguleika á að nálgast upplýsingar um það hvernig bregðast ætti við og hvert það ætti að leita eftir aðstoð (McDermott o.fl., 2016). Þúsundir heimila eyðilögðust í fellibylnum og mikið kapp var lagt á að koma öllum í skjól. Þegar finna átti úrræði fyrir fatlað fólk sem þurfti aðstoð í daglegu lífi í Charleston var brugðið á það ráð að koma þeim fyrir á stórum stofnunum og dvöldu margir þar mánuðum saman fjarri vinum og ættingjum. Ekkert var gert til að tryggja að folkið gæti verið í samskiptum við vini og ættingja og hafði það mjög slæmar afleiðingar fyrir andlega heilsu margra (McDermott o.fl., 2016). Ástandið sem skapaðist í Charleston og víða annars staðar eftir svipaðar veðurhamfarir er afhjúpanði fyrir samfélagið í þessum borgum. Margt fatlað fólk missti bæði húsnaði sitt og aðstoðina, og þar af leiðandi sjálfstæði sitt og neyddist til að flytja á stofnun (Priestley og Hemingway, 2007).

Eftirmálar hamfara

Í kjölfar hamfara kemur oft í ljós hversu lítið framboð er af aðgengilegu og hagstæðu húsnaði og hversu brothætt kerfin eru sem veita fötluðu fólki aðstoð (McDermott o.fl., 2016; Priestley og Hemingway, 2007). Stór hluti fatlaðs fólks býr við erfiðar fjárhagslegar aðstæður (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðabankinn, 2011; Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2013) sem getur þýtt að húsnaði þess er ekki öruggt eða að það getur ekki staðið undir endurbótum á húsnaði sem hefur skemmst í hamförum. Auk þess eru margar stofnanir fyrir fatlað fólk illa undir hamfarir búnaðar og hafa til dæmis ekki gert viðbragðsáætlanir um það hvernig eigi að rýma húsnaði þegar hætta steðjar að. Eins býr margt fatlað fólk við félagslega útskúfun sökum fordóma og mismununar í samfélaginu sem getur leitt til þess að það er án stuðningsnets þegar hamfarir dynja yfir (Wisner, 2002).

Algennt er að tímabundin neyðarskýli og neyðarhúsnaði sem nota á til lengri tíma séu óaðgengileg fötluðu fólki (Alexander, 2011). Þegar ljóst var í upphafi árs 2020 að COVID-19 væri að valda heimsfaraldri og að sjúkrastofnanir gætu ekki annað öllum þeim sem veiktust brugðu mörg ríki heims á það ráð að byggja bráðabirgðasjúkrahús og skýli sem voru sérstaklega ætluð COVID-19 sjúklingum. Sem dæmi var opnuð sérstök göngudeild við Landspítala í Fossvogi í gömlu leikskólahúsnaði í eigu spítalans (Landspítali, 2020). Samkvæmt upplýsingum frá Ragnari Frey Ingvarssyni (munleg heimild 30. september 2020) yfirlækni var bráðabirgðagöngudeild COVID-19 sett upp með miklum hraði og var helmingur herbergja aðgengilegur fötluðu fólki. Áhersla var lögð á innigildandi vinnubrögð (e. *inclusive approach*) á deildinni þar sem komið var til móts við þarfir sjúklunga og ef þeir gátu ekki komið á göngudeildina fór heilbrigðisstarfsfólk í vitjanir í heimahús. Hann nefndi sérstaklega aðkomu slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sem hefði lagt ríka áherslu á að betra væri að sinna ákveðnum hópum á heimilum sínum þar sem þeir upplifðu sig í öruggu umhverfi. Þetta er gott dæmi um það hvernig þekking og skilningur slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á mismunandi aðstæðum vó upp á móti takmörkuðu aðgengi að göngudeildinni og þeirri þjónustu sem þar var veitt.

Á Íslandi starfrækir Rauði krossinn fjöldahjálparstöðvar um land allt sem ætlað er að bjóða þolendum náttúruhamfara öruggt skjól. Í flestum tilfellum eru þessar stöðvar í skólum, félagsheimilum eða samkomuhúsum (Rauði krossinn, e.d.) og í einhverjum tilfellum er um að ræða gamlar byggingar með takmörkuðu aðgengi fyrir hreyfihamað fólk. Um miðjan desember 2020 féllu aurskriður á Seyðisfirði með þeim afleiðingum að hús bárust með flóðinu og öryggi almennings var ógnað. Það varð til þess að almannavarnadeild ríkislögreglustjóra lýsti yfir neyðarstigi í bænum og var um allsherjar rýmingu íbúa að ræða. Allir gáfu sig fram við fulltrúa almannavarna í félagsheimilinu Herðubreið en um er að ræða húsnaði sem var byggt á árunum 1946–1956 og því löngu fyrir staðla um algilda hönnun. Þaðan fóru allir íbúar upp í Egilsstaði þar sem fjöldahjálparstöð var opnuð í

grunnskólanum sem telst vera aðgengilegt húsnæði. Í kjölfarið var fólki útvegað herbergi á hótélum eða það fór til ættingja sinna og vina en þess var gætt að allir fatlaðir íbúar Seyðisfjarðar kæmst í aðgengilegt skjól (Félagsþjónusta Múlaþings, munnleg heimild 2. mars 2021).

Priestley og Hemingway (2007) benda á að þrátt fyrir að munur sé á hamförum af völdum náttúru og af mannavöldum þá veldur ýmiss konar vanræksla og félagslegt óréttlæti því að afleiðingar og eftirmálar náttúruhamfara geti flokkast sem hamfarir af mannavöldum. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að koma í veg fyrir náttúruhamfarir þá er hægt að milda afleiðingar þeirra með því að minnka varnarleysi fátækra og jaðarsettra hópa. Sterk tengsl eru á milli alvarlegra afleiðinga hamfara og fátæktar auk þess sem náttúruvá er stór hindrun í að uppræta fátækt á þróunarsvæðum (Alþjóða-bankinn og Sameinuðu þjóðirnar, 2010). Um allan heim býr fatlað fólk við lakara heilsufar, minni menntunarmöguleika, takmarkaðri efnahagslega þátttöku og herra hlutfall fátæktar en ófatlað fólk (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2011) sem en þetta eru afleiðingar ableiskra viðmiða samfélagsins. Ef fötlun verður til í samspili fólks með skerðingar og umhverfisins, líkt og segir í íslenskum lögum, má leiða að því líkum að umhverfið, ekki síður en skerðingin sjálf, geti haft áhrif á alvarleika fötlunarinnar. Að sama skapi má halda því fram að afleiðingar náttúruhamfara séu félagslegar eða samspil náttúru og mannanna verka og því mögulegt að draga úr alvarleika þeirra með því að ryðja úr vegi manngerðum ógnum og óréttlæti (Priestley og Hemingway, 2007).

Viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar um viðbrögð

Þegar upplýsingum er safnað um afleiðingar hamfara fyrir fatlað fólk er áberandi hvernig sagan virðist endurtaka sig. Hver fellibylurinn á fætur öðrum dregur fatlað fólk til dauða og í hvert sinn sem það gerist eru viðbragðsáætlanir gagnrýndar (Fujii, e.d.; McDermott o.fl., 2016; Peek og Stough, 2010; Priestley og Hemingway, 2007; Wisner, 2002). Það er hlutverk almannavarna hvers lands eða landsvæðis að endurmeta viðbragðsáætlanir og áhættuþætti þegar hættu- eða neyðarástandi lýkur. Þrátt fyrir að endurbætur séu gerðar þá virðist þeim ekki alltaf framfylgt eins og raun bar vitni í árs-unum á Tvíburaturnana 2001 þegar björgunarstólarnir voru ekki notaðir. Í kjölfarið var gerð skýrsla um þann lærdóm sem draga mátti af atburðunum en þar kemur einmitt fram að viðbragðsaðilar hafi, líkt og svo oft áður, ekki gert ráð fyrir sérþörfum fatlaðs fólks, hvorki á meðan hættuástand ríkti né í þeirri neyðar- og áfallaðstoð sem veitt var eftir að turnarnir hrundu (The Center for Independence of the Disabled in New York, 2004).

Hvergi er minnst á fatlað fólk í viðbragðsáætlunum íslenskra almannavarna, en fjarvera hópa í opinberum skjölum getur gefið mikilvægar upplýsingar um stöðu þessara hópa í samfélaginu. Þrátt fyrir að ýmsir aðilar eins og Bændasamtökin, Vegagerðin og verslunareigendur hafi skilgreind hlutverk, svo einhver dæmi séu nefnd, hafa samtök fatlaðs fólks ekkert formlegt, skriflegt eða skilgreint hlutverk í þessum áætlunum. Íslensk yfirvöld eru lögum samkvæmt skuldbundin til að eiga virkt samráð við samtök fatlaðs fólks varðandi öll málefni er tengjast lífi og aðstæðum þess. Gísli Björnsson, Ragnar Smáráson, Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir (2020) hafa útbúið handbók um samráð sem ætluð er þeim sem standa fyrir samráði, ríki og sveitarfélögum, og fötluðu fólki sem tekur þátt í samráðinu. Í handbókinni er samráð skilgreint með eftirfarandi hætti:

Samráð felst í því að stjórnmalafólk, embættisfólk og aðrir sem eru leiðandi í þjónustu fyrir fatlað fólk afli upplýsinga og fái ráðgjöf frá fötluðu fólki. Samráð felst í því að veita fötluðu fólki völd og tækifæri til þátttöku við að semja lög og reglur er varða það sjálft. (Gísli Björnsson, o.fl., 2020, bls. 5)

Hingað til hafa almannavarnir ekki haft samráð við fatlað fólk eða samtök þess í sinni áætlanagerð og er Freyja Haraldsdóttir (2020) meðal þeirra sem hafa gagnrýnt almannavarnir og stjórnvöld fyrir að bregðast fötluðu fólki í heimsfaraldrinum. Hún bendir á að þrátt fyrir alla þá náttúruvá sem ógni öryggi Íslendinga séu engar áætlanir sem miði að því að vernda öryggi fatlaðs fólks. Hún heldur fram að stjórnvöld og almannavarnir hafi ekki sýnt neinn áhuga á samráði við fatlað fólk og sam-

tök þeirra við gerð viðbragðsáætlananna varðandi COVID-19 eða fyrr. Landssamtökin Þroskahjálp höfðu frumkvæði að samvinnu við landlækni og heilbrigðisráðuneytið við að búa til upplýsingabækling um kórónuveiruna og bólusetningar á auðlesnu máli (Þroskahjálp, e.d.) en daglegar upplýsingar um framvindu faraldursins var hins vegar ekki að finna á auðskildu máli og var heimasíðan covid.is mjög óaðgengileg og flókin.

Afleiðingar þess að ekki er haft samráð við fatlað fólk við gerð viðbragðsáætlana má til dæmis sjá í liðnum um upplýsingagjöf til almennings í áætlun vegna COVID-19. Eins og fram hefur komið getur ekki allt fatlað fólk nýtt sér þær upplýsingar sem ætlaðar eru meirihluta almennings. Þrátt fyrir að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (2020) hafi sérstaklega nefnt aðgengi að upplýsingum í tilmælum sínum varðandi aðstæður fatlaðs fólks í COVID-19 heimsfaraldrinum þá er fatlað fólk hvergi nefnt sem hópur sem sérstaklega þurfi að gæta að varðandi aðgengi að upplýsingum í landsáætluninni. Þar stendur meðal annars:

Við hvert atvik þarf að skilgreina hóp sem mikilvægt er að upplýsingar nái til (dæmi: Aldraðir, barnafjölskyldur, ferðamenn, íbúar ákveðins svæðis) og finna bestu leið til að miðla upplýsingum (dæmi: Vefur, sjónvarp, útvarp, dagblöð, samfélagsmiðlar, tölvupóstur, bæklingar). Að lokum þarf að kanna hvort einhver tími sólarhrings sé betri en annar til að koma upplýsingum á framfæri (dæmi: Kvöldfréttir sjónvarps). (Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, 2020).

Þegar tryggja á fötluðu fólki aðgengi að upplýsingum þarf að gæta þess að þær séu á auðlesnu máli og á mismunandi formi sem hentar ólíkum þörfum. Mikilvægt er að bjóða upp á hljóðskrár, punktaletur fyrir blint fólk eða margmiðlunarefni sem er aðgengilegt fyrir þau sem eru táknmálstalandi (Armitage og Nellums, 2020; Sabatello et al., 2020). Ef heimasíða almannavarna (almannavarnir.is) er skoðuð má gagnrýna hana fyrir að bjóða ekki upp á stillingar fyrir lesblinda og sjónskerta en einnig eiga vefpúlur erfitt með að lesa efni síðunnar.

Þegar leiðbeiningar um náttúruvá eru skoðaðar sést að aldrei er gert ráð fyrir að fólk sé fatlað. Við gerð þessara leiðbeininga er ekki stuðst við viðmið um algilda hönnun enda ná þær ekki til allra. Samkvæmt leiðbeiningum almannavarna skal sá sem lendir í aurskriðu krjúpa og verja höfuðið, leita til hátt liggjandi staða eða „leita skjóls í húsum og loka gluggum og millihurðum og dvelja þeim megin sem snýr undan fjallshlíðinni“ (Almannavarnir, e.d.-b). Sömu sögu er að segja um leiðbeiningar um viðbrögð í jarðskjálftum en margt fatlað fólk getur ekki farið „undir borð eða rúm“ eða kropið „niður í horni við burðarvegg eða í hurðaropi við burðarvegg“ í jarðskjálfta (Almannavarnir, e.d.-d.). Hér er ekki verið að draga í efa gagnsemi leiðbeininganna fyrir flesta heldur frekar að draga athyglina að því að ekki eru neinar leiðbeiningar sem henta fólki sem býr við skerta hreyfigetu eða á auðlesnu máli. Þegar aurskriðurnar féllu á Seyðisfirði 2020 þurfti fatlað fólk og fjölskyldur fatlaðra barna að rýma bæinn líkt og aðrir bæjarbúar. Engin búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er á svæðinu en samkvæmt félagsþjónustu Múlapings (Félagsþjónusta Múlapings, munnleg heimild 2. mars 2021) þá er smæð bæjarins slík að ekki væri líklegt að einhver gleymdist eða kæmist ekki úr bænum.

Jarðhræringar á Reykjanesi 2020 urðu til þess að gerð var viðbragðsáætlun fyrir íbúðakjarna í Grindavík ef til eldgoss kæmi og rýma þyrfti bæinn. Í rýmingaráætlun bæjarins (Grindavíkurbær, e.d.) er í forgangi bill frá ferðaþjónustu fatlaðs fólks en honum er ætlað að koma íbúum íbúðakjarna fyrir fatlað fólk ásamt starfsmanni út úr bænum til næstu fjöldahjálparstöðvar eða viðeigandi úrræða eins og til dæmis á hjúkrunarheimili. Samkvæmt upplýsingum frá Hlín Sigurþórsdóttur (munleg heimild, 2. mars, 2021) sem er forstöðuþroskaþjálfari í íbúðakjarnanum eru verkefni viðbragðsaðila skýr ef til bráðarýmingar vegna náttúruhamfara kæmi. Hún nefnir sem dæmi að töskur séu tilbúnar með lista yfir þá hluti sem nauðsynlegir eru með í för og búið sé að tryggja að allir starfsmenn viti og þekki sín hlutverk. Allir íbúar kjarnans verða sóttir af sama bíl og starfsmaður fylgir þeim. Auk þess hefur starfsfólk kjarnans rætt jarðskjálftana og rétt viðbrögð við íbúana til að tryggja sem best öryggi allra og að íbúum sé ekki valdið óþarfa áhyggjum. Slík viðbrögð eru til fyrirmyndar og eru verk-

lagsreglur sem þyrftu að verða almennar. Þó má ekki gleyma þeim fjölda fatlaðs fólks sem býr við sjálfstæða búsetu. Það er hins vegar óljóst hver ber ábyrgð á að tryggja fötluðu fólki sem býr sjálfstætt aðstoð ef til rýmingar kæmi. Viðbragðsáætlanir verða að taka til allra íbúa og sveitarfélögum ber að gera ráð fyrir fötluðu fólki sem ekki býr í sérstökum húsnæðisúrræðum á þeirra vegum eða félagasamtaka en hætt er við að það gleymist. Í heimsfaraldri vegna COVID-19 kom fram hræðsla fatlaðs fólks við tilviljunarkenndar ákvarðanir og skort á yfirsýn sveitarfélaga varðanda áætlanagerð og bólusetningar (Bára Huld Beck, 2021).

Umræður og lokaorð

Í greininni höfum við rakið hvernig samspil umhverfis og félagslegra þátta hefur áhrif á alvarleika hamfara fyrir fatlað fólk. Engu að síður veldur sá tölfræðilegi ableismi sem virðist ríkjandi í opinberum gögnum því að erfiðlega getur reynst að sýna fram á hvernig hamfarir hafi áhrif á fatlað fólk umfram aðra þjóðfélagshópa. Það lýsir sér í því að breytan „fötlun“ er sjaldan notuð þegar safna á tölulegum gögnum eins og til dæmis varðandi dánartíðni, atvinnumissi eða eignartjón. Þannig verður fatlað fólk ósýnilegt í gögnunum og í allri umræðu um hamfarir, áhrif og afleiðingar þeirra. Á hinn bóginn er það ekki síður alvarlegt þegar „fötlunarbreytan“ er notuð á þann hátt að orsök andláts sé rakin til skerðingarinnar en ekki til dæmis COVID-19 eða drukknunar. Slíkur tölfræðilegur ableismi á þátt í að þagga raunverulegar aðstæður og jaðarsetningu fatlaðs fólks.

Í greininni hefur verið sýnt fram á hvernig hamfarir afhjúpa þá erfiðu félagslegu stöðu sem margt fatlað fólk býr við. Það hefur takmarkaðan aðgang að heilbrigðis- og menntakerfum, atvinnumarkaðnum og býr þar af leiðandi oft við kröpp kjör og er því líklegri til að upplifa félagslega útskúfun. Félagsleg staða sem einkennist af fátækt og jaðarsetningu leiðir til þess að fatlað fólk fer verr út úr hamförum og faröldrum en aðrir hópar samfélagsins. Mögulegt væri að lágmarka dauðsföll af völdum hamfara ef öllum væri til dæmis tryggt öruggt húsnæði, aðgengi að heilsugæslu og að sá búnaður sem notaður er við rýmingu og björgun væri aðgengilegur fötluðu fólki. Til þess að svo megi verða þarf að afbyggja ableísk viðmið um hverjir eru gildir þegnar samfélagsins.

Hlutverk almannavarna er ríkt í þessum efnum en tryggja þarf að viðbragðsáætlanir geri ráð fyrir öllum hópum samfélagsins. Í tilviki fatlaðs fólks þarf að gera ráð fyrir þeirra sérþörfum. Gæta þarf að því að þær leiðbeiningar sem almannavarnir veita gagnist öllum en sem dæmi má nefna að margt fatlað fólk getur ekki farið „undir borð eða rúm“ eða kropið „niður í horni við burðarvegg eða í hurðaropi við burðarvegg“ í jarðskjálfta (Almannavarnir, e.d.-d). Gera þarf ráð fyrir mismunandi þörfum fólks við upplýsingagjöf og leggja höfundar til að almannavarnir ásamt öllum öðrum opinberum aðilum noti staðla um algilda hönnun í upplýsingagjöf, komist þannig hjá því að hópar gleymist og tryggi að nauðsynlegar upplýsingar berist öllum (The Centre for Excellence in Universal Design, e.d.). Allt fólk nyti til dæmis góðs af, ef upplýsingasiða almannavarna, Covid.is, myndi byggja á stöðlum um algilda hönnun.

Viðbragðsaðilar þurfa einnig að vera upplýstir um ýmsar sérþarfir fatlaðs fólks; heyrnarlaust fólk heyrir ekki í brunabjöllum og blint fólk getur átt í erfiðleikum með að finna tilgreinda söfnunarstaði (e. *assembly points*). Það munu ekki allir geta brugðist við og farið eftir fyrirmælum viðbragðsaðila án aðstoðar. Þegar hættuástand gengur yfir, getur fólk þurft að leita skjóls í neyðarskýlum og þá er mikilvægt að velja húsnæði sem er aðgengilegt fötluðu fólki. Þegar bráðabirgðaskýlum er komið upp, byggingum breytt eða tjöld reist, er sjaldan hugað að þörfum fatlaðs fólks og það yfirleitt afsakað með þeirri miklu neyð sem ríkir. Þrátt fyrir að enginn geri kröfu um að bráðabirgðaskýli uppfylli alla byggingarstaðla þá verður samt sem áður að gera ráð fyrir öllu fólki í viðbrögðum við hamförum. Ef það er ekki gert verða jaðarsettir hópar útsettari fyrir þeirri vá sem steðjar að og í verstu tilfellum getur það leitt til dauðsfalla. Ef til vill er tímabært fyrir Rauða krossinn að endurskoða fjöldahjálparstöðvar sínar og meta hvort allt fólk hafi aðgengi að þeim án tillits til andlegs eða líkamlegs atgervis.

Þegar sagt er að viðbragðsáætlanir og viðbrögð við hamförum séu ableískar, er vísað til fjarveru

fatlaðs fólks í áætlunum og hvernig leiðbeiningar gagnast þeim ekki, þar sem gert er ráð fyrir allir séu ófatlaðir. Skortur á samráði við fatlað fólk og ableiskar viðbragðsáætlanir er sterk tilhneiging á alheimsvísu. Þar sem skýrt er kveðið á um samráð við fatlað fólk í íslenskum lögum kemur það á óvart að hvergi er minnst á séráðstæður fatlaðs fólks í leiðbeiningum almannavarna. Þegar yfirvöld hafa brugðist við með útgáfu viðmiða fyrir fatlað fólk og aðstoðarfólk þeirra virðist ekki hafa verið leitað sérstaklega eftir ráðgjöf frá fötluðu fólki eða samtökum þeirra. Miklu frekar hafa samtökin sjálf haft frumkvæði að samstarfi við þessar stofnanir sem þó eru skuldbundnar samkvæmt lögum til að eiga virkt samráð við fatlað fólk. Fjarvera fatlaðs fólks í áætlunum og leiðbeiningum almannavarna sýnir að ekki er gert ráð fyrir fötluðu fólki við hættu- og neyðarstig og endurspeglar það ableísk viðmið samfélagsins. Til þess að hamfarir séu ekki margfalt hættulegri fötluðu fólki en raun ber vitni verður að uppræta þau ableisku viðhorf og viðmið sem hingað til hafa einkennt vinnubrögð og neyðaráætlanir yfirvalda.

Heimildaskrá

- Alexander, D. (2011). Disability and disaster. Í B. Wisner, J. C. Gaillard, og I. Kelman (ritstjórar), *The Routledge handbook of hazards and disaster risk reduction* (bls. 384-394). London. Routledge Handbooks.
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. (2020, maí). *Viðbragðsáætlun heimsfaraldur útgáfa 3.1*. <https://www.almannavarnir.is/utgefing-efni/>
- Almannavarnir. (2016). Um Almannavarnir. <https://www.almannavarnir.is/almannavarnir/>
- Almannavarnir. (e.d.-a). Orðasafn. <https://www.almannavarnir.is/almannavarnir/hugtok/>
- Almannavarnir. (e.d.-b). Almannaá og áhætta. <https://www.almannavarnir.is/natturuva/>
- Almannavarnir. (e.d.-c). Útgefing efni. <https://www.almannavarnir.is/utgefingefni/>
- Almannavarnir. (e.d.-d). Viðbrögð við jarðskjálfta. <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>
- Alþjóðabankinn og Sameinuðu þjóðirnar. (2010). *Natural hazards, unnatural disasters: The economics of effective prevention*. Alþjóðabankinn.
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og Alþjóðabankinn. (2011). *World report on disability 2011*. World Health Organization.
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. (2020). Disability considerations during the COVID-19 outbreak. <https://www.who.int/publications-detail/disability-considerations-during-the-covid-19-outbreak>
- Alþjóðasamband félaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. International (2007). World disaster report. Focus on discrimination. <https://www.ifrc.org/Global/Publications/disasters/WDR/WDR2007-English.pdf>
- Annamma, S. A., Connor, D. og Ferri, B. (2013). Dis/ability critical race studies (DisCrit): Theorizing at the intersections of race and dis/ability. *Race Ethnicity and Education*, 16(1), 1–31, doi:10.1080/13613324.2012.730511
- Armitage, R. og Nellums, L. B. (2020). The COVID-19 response must be disability inclusive. *The Lancet Public Health*, 5(5), e257. [https://doi.org/10.1016/S2468-2667\(20\)30076-1](https://doi.org/10.1016/S2468-2667(20)30076-1)
- Bára Huld Beck. (2021, 23.janúar). Baráttunni ekki lokið á meðan fólk gleymist og situr eftir. *Kjarninn*. <https://kjarninn.is/frettir/2021-01-23-barattunni-ekki-lokid-medan-folk-gleymist-og-situr-eftir/>
- Ben-Moshe, L. og Magaña, S. (2014). An Introduction to race, gender, and disability: Intersectionality, disability studies, and families of color. *Women, Gender, and Families of Color*, 2(2), 105-114, doi:10.5406/womgenfamcol.2.2.0105
- Brown, W. (2006). American nightmare: Neoliberalism, neoconservatism, and de-democratization. *Political Theory*, 34(6), 690–714. <https://doi.org/10.1177/0090591706293016>
- Byggingarreglugerð nr.112/2012
- Campbell, F. (2009). *Contours of ableism: The production of disability and abledness*. UK. Palgrave Macmillan.
- Center for International Rehabilitation. (2005). International disability rights monitor: Disability and early tsunami relief efforts in India, Indonesia and Thailand. <http://idrmnet.org/images/TsunamiReport.pdf>
- Centre for Excellence in Universal Design. (e.d.). The 7 principles. <http://universaldesign.ie/What-is-Universal-Design/The-7-Principles/#p4>
- Centre for Research on the Epidemiology of Disasters. (e.d.). The international disaster database. <https://www.emdat.be/>
- Coulson, J. (2018, 23. janúar). Education and exclusion for special needs students in Indonesia. <https://www.i-cwa.org/special-needs-education-indonesia-extraordinary-schools-ordinary-people/>
- Crenshaw, K. (1991). Mapping the margins: Intersectionality, identity politics, and violence against women of color. *Stanford Law Review*, 43(5), 1241–1299.
- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2014). Hvað er ableismi? <http://tabu.is/hvad-er-ableismi/>
- Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Ásta Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2020). Öráreitni og ableismi: Félagsleg staða ungs fatlaðs fólks í almennu rými. *Íslenska þjóðfélagið*, 11(2), 3–18.
- Enarson, E. og Fordham, M. (2001). Lines that divide, ties that bind: Race, class, and gender in women's flood recovery in the US and UK. *Australian Journal of Emergency Management*, 15(4), 43-52.
- Erevelles, N. (2014). Thinking with disability studies. *Disability Studies Quarterly*, 34(2), doi:10.18061/dsq.v34i2.4248

- Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. (2018, mars 5). Sjálfbærar borgir og samfélög. <https://www.un.is/heimsmarkmidin/sjalfbaerar-borgir-og-samfelog/>
- Fisher, S. (2010). Violence against women and natural disasters: Findings from post-tsunami Sri Lanka. *Violence Against Women*, 16(8), 902–918. DOI: 10.1177/1077801210377649
- Freyja Haraldsdóttir. (2017). 'I am discriminated against because I exist' Psycho-emotional effects of multiple oppressions for disabled women in Iceland [meistaraprófsritgerð]. Háskóli Íslands.
- Freyja Haraldsdóttir. (2020). A view from Iceland. <http://ihuman.group.shef.ac.uk/a-view-from-iceland/>
- Fujii, K. (e.d.). The great east Japan earthquake and disabled persons—Background to their high mortality rate. https://www.dinf.ne.jp/doc/english/twg/escap_121031/fujii.html
- Gísli Björnsson, Ragnar Smárason, Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (2020). *Samráð*. Reykjavík. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Goodley, D. (2014). *Dis/ability studies: Theorising disablism and ableism*. London. Routledge.
- Goodley, D., Lawthom, R., Liddiard, K. og Runswick-Cole, K. (2017). Critical disability studies. Í B. Gough (ristjóri), *The Palgrave handbook of critical social psychology* (bls. 491–505). UK. Palgrave Macmillan.
- Goodley, D., Lawthom, R., Liddiard, K. og Runswick-Cole, K. (2019) Provocations for critical disability studies, *Disability & Society*, 34(6), 972–997, DOI: 10.1080/09687599.2019.1566889
- Grindavíkurbær. (e.d.). Rýmingaráætlun. <https://grindavik.is/v/23632>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Dánir. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/danir/>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). Inngangur. *Fötlun og menning. Íslands-sagan í öðru ljósi* (bls. 7–25). Reykjavík. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum.
- Harris, J.C. og Patton, L. D. (2019). Un/doing intersectionality through higher education research. *The Journal of Higher Education*, 90(3), 347–372, DOI:10.1080/00221546.2018.1536936
- Hehir, T. (2002). Eliminating ableism in education. *Harvard Educational Review*, 2(1), 1–32.
- Kvennaathvarf. (e.d.). Aðgengismál. <https://www.kvennaathvarf.is/adgengismal/>
- Landes, S. D., Turk, M. A., Formica, M. K., McDonald, K. E., & Stevens, J. D. (2020). COVID-19 outcomes among people with intellectual and developmental disability living in residential group homes in New York State. *Disability and Health Journal*, 13(4), 100969. <https://doi.org/10.1016/j.dhjo.2020.100969>
- Landspítali. (e.d.). Öflug Covid-19 göngudeild opnuð á Landspítala. <https://www.landspitali.is/um-landspitala/fjolmidla-torg/frettir/stok-frett/2020/03/24/Oflug-Covid-19-gongudeild-opnud-a-Landspitala/>
- Linton, S. (1998). *Claiming disability: Knowledge and identity*. New York. NYU Press.
- Lykke, N. (2010). *Feminist studies: A guide to intersectional theory, methodology and writing*. London. Routledge
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- Mannvirkjastofnun. (2018). Kröfur um algilda hönnun. Mannvirkjastofnun. <http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Byggingarsvid/Leidbeiningarblod/6.1.3%20%20Kr%C3%B6fur%20um%20algilda%20h%C3%B6nnun-1.2.pdf>
- McDermott, S., Martin, K. og Gardner, J. D. (2016). Disaster response for people with disability. *Disability and Health Journal*, 9(2), 183–185. <https://doi.org/10.1016/j.dhjo.2015.12.005>
- Meekosha, H. og Shuttleworth, R. (2009). What's so 'critical' about critical disability studies? *Australian Journal of Human Rights*, 15(1), 47–75, DOI: 10.1080/1323238X.2009.11910861
- National Center for Health Statistics. (e.d.). International classification of diseases, tenth revision (ICD-10). <https://www.cdc.gov/nchs/icd/icd10.htm>
- Our World in Data. (e.d.-a). Natural disasters. <https://ourworldindata.org/natural-disasters>
- Our World in Data. (e.d.-b). Coronavirus (COVID-19) deaths. <https://ourworldindata.org/covid-deaths>
- Oxfam International. (2005, mars). The tsunami's impact on women (Briefing note). <http://www.oxfam.org.uk>
- Peek, L., og Stough, L. M. (2010). Children with disabilities in the context of disaster: A social vulnerability perspective. *Child Development*, 81(4), 1260–1270. <https://doi.org/10.1111/j.1467-8624.2010.01466.x>
- Peña-Guzmán, D. M., og Reynolds, J. M. (2019). The harm of ableism: Medical error and epistemic injustice. *Kennedy Institute of Ethics Journal*, 29(3), 205–242. <https://doi.org/10.1353/ken.2019.0023>
- Priestley, M., og Hemingway, L. (2007). Disability and disaster recovery. *Journal of Social Work in Disability & Rehabilitation*, 5(3–4), 23–42. https://doi.org/10.1300/J198v05n03_02
- Ragnheiður Harpa Haraldsdóttir. (2019, 10. september). 11 Reasons why Iceland is the safest country in the world. *Iceland Travel*. <https://www.icelandtravel.is/blog/iceland-safest-country-in-the-world/>
- Rauði krossinn. (e.d.). Fjöldahjálp. <https://www.raudikrossinn.is/hvad-gerum-vid/neydarvarnir/fjoldahjalp/>
- Sabatello, M., Burke, T. B., McDonald, K. E. og Appelbaum, P. S. (2020). Disability, ethics, and health care in the COVID-19 pandemic. *American Journal of Public Health*, 110(10), 1523–1527. <https://doi.org/10.2105/AJPH.2020.305837>
- Sameinuðu þjóðirnar. (e.d.). Women with disabilities fact sheet. <https://www.un.org/development/desa/disabilities/resources/women-with-disabilities-fact-sheet.html>
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. (2007). <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>
- The Center for Independence of the Disabled in New York. (2004). *Lessons learned from the World Trade Center disaster: Emergency preparedness for people with disabilities in New York*. New York The Center for Independence of the Disabled in New York.
- Tómas Jóhannesson. (2001). Náttúruhamfarir á Íslandi. <https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/orkuthing-2001.pdf>
- UNICEF. (e.d.). Protecting children and adolescents with disabilities from the pandemic. COVID-19 and children with disabilities in Europe and Central Asia. <https://www.unicef.org/eca/protecting-children-and-adolescents-disabilities-pandemic>
- Wisner, B. (2002). *Disability and Disaster: Victimhood and agency in earthquake risk reduction*. Newcastle: Northumbria University.
- Þroskahjálp. (e.d.). Kóróna-veiran á auðskildu máli. <https://www.throskahjalp.is/is/audlesid-efni/korona-veiran-a-audskildu-mali>

Um höfunda

KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR (kbjorns@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsgráðu í fötlunarfræði við Háskóla Íslands árið 2009.

ÁSTA JÓHANNSDÓTTIR (astaj@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í félagsfræði við Háskóla Íslands árið 2018.